



Fundur háskólaráðs 4. september 2003

Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 01.09.2003
Dags: 04.09.2003

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

13/2003

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 4. september var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Davíð Gunnarsson, Hjalti Hugason, Rögnvaldur Ólafsson, María Guðmundsdóttir, Stefán Svavarsson, Þorsteinn Loftsson, Inga Jóna Þórðardóttir og Jón Ólafur Skarphéðinsson.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram dagskrá 10. háskólafundar sem haldinn verður 8. september 2003.
- 1.2 Lögð fram umsögn starfsnefnda háskólaráðs um tillögu viðskipta- og hagfræðideildar um skólagjöld, ásamt bréfi rektorsskrifstofu, dags. 28. ágúst 2003.
- 1.3 Lögð fram dagskrá málþings kennslumálanefndar 5. september nk. kl. 9 – 17 í Hátíðasal.
- 1.4 Lagt fram skipunarbréf bygginganefndar Háskólatorgs, dags. 21. ágúst 2003.
- Þorsteinn Loftsson óskaði eftir að bókað yrði í tengslum við lið 1.4 á dagskrá:
„Aðalbygging Háskóla Íslands og nánasta umhverfi hennar (þ.m.t. hin svokallaða „Skeifa” fyrir framan bygginguna) er einkenni Háskólans. Ég leggst gegn því að háskólatorg verði staðsett á lóðinni milli Aðalbyggingar og íþróttahúss Háskólans”.
- 1.5 Bologna Process Between Prague and Berlin, Report to the Ministers of Education of the signatory countries, Berlin September 2003.
- 1.6 European University Association: Graz Declaration. Forward from Berlin: the role of universities.
- 1.7 Joint degrees i Norden, Nordiska ministerrådet, Rapport från den nordiska arbetsgruppen, April 2003.
- 1.8 Realising the Higher Education area, Comminuqué of the Conference of Ministers responsible for Higher Education in Berlin on 19. September 2003.
- 1.9 Berlin Conference of European Higher Education Ministers “Realising the European Higher Education Area”. Contribution of the European Commission, Berlin, 18/19 September 2003.
- 1.10 Message to the Berlin Higher Education Summit, from Mr. Walter Schwimmer, Secretary General of the Council of Europe.
- 1.11 Lagt fram bréf frá Stúdentaráði Háskóla Íslands, dags. 28. ágúst 2003, þar sem minnt er á stúdentadaginn 12. september nk.
- 1.12 Staða innritunar í Háskóla Íslands 28. ágúst 2003 og til samanburðar tölur teknar 7. september 2002.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Beiðni Ástu Heiðrúnar Gylfadóttur, dags. 26. ágúst 2003, um inngöngu í læknadeild

á grundvelli úrskurðar áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema í máli nr. 1/2003.
- Málinu vísað frá þar sem kærufrestur er liðinn.

2.2 Lögð fram tillaga Erfðafræðinefndar Háskóla Íslands að gjaldskrá, dags. 22. ágúst 2003.

- Samþykkt einróma.

2.3 Lagt fram bréf Sigurbjargar Aðalsteinsdóttur, skrifstofustjóra félagsvísinda-deildar, dags. 2. september 2003, þar sem óskað er eftir breytingu á 114. gr. reglna um Háskóla Íslands.

- Málinu vísað til kennslumálanefndar til umsagnar og til akademískrar stjórn-sýslu til undirbúnings afgreiðslu.

3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1. Framtíð íslenska háskólakerfisins, sbr. síðasta fund.

Rektor rifjaði upp minnisblað sitt um framtíð íslenska háskólakerfisins. Þá gerði Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri akademískrar stjórn-sýslu grein fyrir minnisblaði um útgáfu skrár um viðurkenndar prófgráður, dags. 29. ágúst sl. Minnisblaðið er lagt fram í tengslum við fyrrgreint minnisblað rektors. Málið var rætt ítarlega. Tryggvi Þórhallsson kom á fundinn og svaraði fyrirspurnum, m.a. um lagaramma um starfsemi háskóla, en endurskoðað minnisblað um það efni lá fyrir fundinum. Rektor boðaði að öll plögg í tengslum við minnisblað sitt verði tilbúin á næsta fundi ráðsins og að þá verði framhald þessarar umræðu ákveðið.

3.2. Skipan starfsnefnda háskólaráðs; fjármálanefndar, kennslumálanefndar og vísindanefndar.

Háskólaráð skipar eftirtalda fulltrúa í fjármálanefnd til 30. júní 2005: Róbert H. Haraldsson dósent, verði aðalmaður og Pétur Pétursson prófessor verði varamaður, en þeir eru tilnefndir af hugvísindasviði.

Robert Magnus prófessor, verði aðalmaður og Magnús Þór Jónsson prófessor, verði varamaður, en þeir eru tilnefndir af verkfræði- og raunvísindasviði.

Háskólaráð samþykkir samhljóða að skipun vísindanefndar verði framlengd til áramóta. Ráðið samþykkir jafnframt einróma að framlengja umboð kennslumálanefndar til næsta fundar ráðsins.

3.3. Erindi sjúkrahjálfunarskorar læknadeildar vegna niðurstöðu inntökuprófa í júní sl., sbr. síðasta fund.

Háskólaráð staðfesti einróma afgreiðslu rektors frá 27. ágúst sl.

3.4. Drög að úrskurði háskólaráðs vegna mats á prófi í eignarétti, sbr. síðasta fund.

Háskólaráð tekur ekki afstöðu til erindisins að svo stöddu, en beinir þeim tilmælum til lagadeildar að umrædd próflausn verði metin til einkunnar. Fram kom að rektor hefur óháð þessu máli ákveðið að skipa starfshóp til þess að fara yfir reglur Háskólans um próf og verkefnaskil, með tilliti til eftirlits og viðbragða við því er misferli kemur upp. Háskólaráð telur rétt að þessum starfshópi verði falið að skoða sérstaklega 5. gr. prófreglnanna með vísan til fyrirbyggjandi erindis.

4. Önnur mál

4.1 Staða mála í samningum við stjórnvöld.

Ingjaldur Hannibalsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs kom á fundinn og gerði grein fyrir minnisblaði sínu um endurskoðun á samningi um fjármögnun kennslu. Ingjaldur gerði m.a. grein fyrir kostnaði við rekstur Háskólans miðað við núverandi aðstæður og hvað óskir Háskóla Íslands við endurskoðun á samningi um fjármögnun kennslu hafa í för með sér.

Málið var rætt ítarlega og Ingjaldur svaraði fyrirspurnum. Þá lagði Ingjaldur fram

nýja útgáfu af sex mánaða uppgjöri Háskóla Íslands og kynnti fjárhagsstöðuna miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar.

Fleira var ekki gert.
Fundir slitið kl. 15.15